

194. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 10. mars 2025 og hófst hann kl. 16.00.

Boðaðir : Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.

Dagskrá

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 1.1 Hvammur í Hvítársíðu ehf. sækir um endurnýjað leyfi til reksturs vatnsveitu sem þjónar mjólkurbúinu í Hvammi. Leyfið var gefið út 17. desember 2024 og er ótímabundið.
- 1.2 Veitur ohf. sækir um endurnýjað leyfi til reksturs vatnsveitu á Akranesi. Leyfið var gefið út 20. desember 2024 og er ótímabundið.
- 1.3 Elisabeth Trost sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar á Hvítárbakka 3. Fjöldi gesta er 15. Heiti gististaðar er Milli Vina. Leyfi gefið út 15. janúar 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.4 Pegron ehf. sækir um breytt leyfi til reksturs gististaðar á Stóra Kambi í Snæfellsbæ vegna aukins gestafjölda úr 6 gestum í 10, með tilkomu nýrrar gistiaðstöðu. Leyfi gefið út 28. janúar 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.5 Límtré Vírnet ehf. sækir um leyfi til reksturs mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, fyrir starfsmenn sína á Borgarbraut 74 í Borgarnesi. Leyfið er gefið út 3. febrúar 2025 og er ótímabundið.
- 1.6 La Brújería ehf. sækir um breytt leyfi vegna nýs framleiðslustaðar og nýrra framleiðsluvara. Framleiðsla fæðubótarefna og lítil snyrtivöruframleiðsla. Vinnslustaður er Þórdísarstaðir við Grundarfjörð. Leyfi upphaflega gefið út 18. apríl 2023 og gildir í 12 ár. Breytt 18. febrúar 2025.
- 1.7 Atlantsolía ehf, Aðalgötu 35 í Stykkishólmi sækir um endurnýjað leyfi til reksturs lítillar bensínstöðvar. Starfsleyfi var auglýst á vef heilbrigðiseftirlits frá 10. janúar til 6. febrúar 2025. Engar athugasemdir bárust. Leyfi gefið út með starfsleyfisaskilyrðum 18. febrúar 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.8 Nónsteinn slf. sækir um breytt starfsleyfi fyrir gististað í II. flokki á Mýrum við Grundarfjörð. Núgildandi leyfi var fyrir 4 gesti en verður 6 gestir með tilkomu nýrrar aðstöðu. Leyfi gefið út 24. febrúar 2025 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 2.1 Bílaverkstæði Hjalta ehf. Staðfest skráning fyrir bifreiða og vélaverkstæði, Smiðjuvöllum 15. Akranesi. 12. desember 2024. Skráningarnúmer 481016
- 2.2 Björgunarsveitin Brák. Staðfest skráning fyrir flugeldasýningu Englendingavík í Borgarnesi 15. desember 2024. Skráningarnúmer 484991
- 2.3 Björgunarfélag Akraness. Staðfest skráning fyrir flugeldasýningu íþróttavelli við Jaðarsbakka. 16. desember 2024, skráningarnúmer 484703.
- 2.4 Hár studio ehf. Staðfest Skráning fyrir hársnyrtistofu Stillholti 12, Akranesi. 17. desember 2024, skráningarnúmer 485443.
- 2.5 Sjammi ehf. Staðfest skráning fyrir trésmíðaverkstæði að Nesflóa 2 Akranesi. 16. desember 2024. Skráningarnúmer 474340.
- 2.6 Hraðfrystihús Hellisands hf. Staðfest skráning fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða. Hafnarbakka 1 Hellissandi. 6. janúar 2025. Skráningarnúmer 484034
- 2.7 Límtré Vírnet ehf. Staðfest skráning vinnslu málma, önnur en í viðauka 1. 22. janúar 2025. Skráningarnúmer 496900.
- 2.8 Sjávariðjan Rifi hf. Staðfest skráning fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka 1. Hafnargata 8, Snæfellsbæ. 28. janúar 2025. Skráningarnúmer 498931.
- 2.9 Fiskmarkaður Íslands hf. Staðfest skráning fyrir vinnslu fisks og annarra fiskafurða Norðurtanga 6, Ólafsvík. 14. febrúar 2025. Staðfest skráningarnúmer 505089.
- 2.10 Fiskmarkaður Íslands hf. Staðfest skráning fyrir vinnslu fisks og annarra fiskafurða Hafnargötu 6, Hellissandi. 14. febrúar 2025. Staðfest skráningarnúmer 505102.
- 2.11 Fiskmarkaður Íslands hf. Staðfest skráning fyrir vinnslu fisks og annarra fiskafurða hafnargötu 10, Hellissandi. 14. febrúar 2025. Staðfest skráningarnúmer 505106.
- 2.12 Fiskmarkaður Íslands hf. Staðfest skráning fyrir vinnslu fisks og annarra fiskafurða Norðurgarður C Grundarfirði. 14. febrúar 2025. Staðfest skráningarnúmer 505111.
- 2.13 Fiskmarkaður Íslands hf. Staðfest skráning fyrir vinnslu fisks og annarra fiskafurða Hafnarlóð, Snæfellsbæ. 14. febrúar 2025. Staðfest skráningarnúmer 505119.
- 2.14 Akraneskaupstaður. Staðfest skráning fyrir niðurrif mannvirkja vegna Mánabrautar 20, Akranesi. 20. febrúar 2025. Skráningarnúmer 507386.

Lagt fram.

3. Tóbakssöluleyfi

-Ásborg bar ehf. sækir um nýtt leyfi til tóbakssölu á veitingastaðnum Útgerðinni á Stillholti 16-18 Akranesi. Leyfið gildir frá 20. desember 2024 í 4 ár.

-Olís ehf. sækir um endurnýjað leyfi til tóbakssölu á starfstöð fyrirtækisins á Esjubraut 45 á Akranesi. Leyfið gildir frá 9. febrúar 2025 í 4 ár.

Lagt fram.

4. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi

- 4.1 Elisabeth Trost sækir um leyfi til reksturs gistingar, stærra gistiheimili, á Hvítárbakka 3 Borgarbyggð. Fjöldi gesta 15. Heiti gististaðar er Milli Vina. Jákvæð umsögn send 16. janúar 2025.
- 4.2 MR06 ehf. sækir um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki III á Kirkjubraut 8-10, Akranesi. Heiti veitingastaðar er Lighthouse Restaurant. Fjöldi gesta er 100. Jákvæð umsögn send 27. janúar 2025.
- 4.3 Pegron ehf. sækir um breytingu á rekstrarleyfi vegna reksturs gististaðar á Stóra Kambi Snæfellsbæ. Sótt er um aukinn gestafjölda með tilkomu nýs „parhúss“ sem viðbót við aðstöðuna. Fjöldi gesta er 10. Jákvæð umsögn send 28. janúar 2025.
- 4.4 Nónsteinn slf. sækir um breytingu á rekstrarleyfi fyrir gististað í II. flokki á Mýrum við Grundarfjörð. Núgildandi leyfi var fyrir 4 gesti en verður 6 gestir með tilkomu nýrrar gistiaðstöðu. Jákvæð umsögn send 24. febrúar 2025.
- 4.5 Árný Sigrún Helgadóttir sækir um breytingu á rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, án veitinga, í flokk III. með veitingum (þó ekki áfengisveitingum). Gististaðurinn er á Hvassafelli 2 í Borgarbyggð. Fjöldi gesta er 10. Jákvæð umsögn send 28. febrúar 2025.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir

- 4.6 Helgi Már Ólafsson sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablót í félagsheimilinu Lyngbrekku 31. janúar 2025. Jákvæð umsögn send 17. desember 2024.
- 4.7 Sigurbjartur Loftsson sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablót í íþróttahúsinu í Stykkishólmi 1. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 7. janúar 2025.
- 4.8 Nemendafélag Landbúnaðarháskólans Hvanneyri sækir um tækifærisleyfi fyrir árshátíðarballi 17. janúar 2025. Jákvæð umsögn send 13. janúar 2025.
- 4.9 Kristján Guðmundsson sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablót í félagsheimilinu Brún Bæjarsveit 25. janúar 2025. Jákvæð umsögn send 13. janúar 2025.
- 4.10 Auður Eiðsdóttir sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablót í félagsheimilinu Þinghamri á Varmalandi 1. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 13. janúar 2025.
- 4.11 Ungmennafélagið Ólafur Pá sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablót í félagsheimilinu Dalabúð 25. janúar 2025. Jákvæð umsögn send 13. janúar 2025.
- 4.12 Ungmennafélagið Stjarnan sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablót í félagsheimilinu Tjarnarlundi Dalabyggð 1. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 20. janúar 2025.
- 4.13 Körfuknattleiksdeild Skallagríms sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir þorrablót 8. febrúar 2025 í Hjálmakletti í Borgarnesi. Jákvæð umsögn send 20. janúar 2025.

- 4.14 Ungmennafélagið Eldborg sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablóti í félagsheimilinu Lindartungu Borgarbyggð 7. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 21. janúar 2025.
- 4.15 Ungmennafélag Reykdæla sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir þorrablóti í Logalandi Reykholtssdal 8. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 23. janúar 2025.
- 4.16 Sigurður A. Sigurðsson sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablóti í félagsheimilinu Miðgarði Hvalfjarðarsveit 15. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 3. febrúar 2025.
- 4.17 Vilhjálmur B. Bragason sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablóti í félagsheimilinu Staðarfelli Dalabyggð 15. febrúar 2025. Jákvæð umsögn 3. febrúar 2025.
- 4.18 Ungmennafélagið Dagrenning sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablóti í félagsheimilinu Brautartungu Borgarbyggð 22. febrúar 2025. Jákvæð umsögn 3. febrúar 2025.
- 4.19 Veislur og Viðburðir ehf. sækja um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir þorrablóti Skagamanna í íþróttahúsinu á Vesturgötu 15. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 4. febrúar 2025.
- 4.20 Borgarbyggð, sækir um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik grunnskólabarna, í félagsheimilinu Logalandi 13. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 13. febrúar 2025.
- 4.21 Bergnótt ehf. sækir um tækifærisleyfi vegna árshátíðar Borgarverks í Hjálmakletti Borgarnesi 1. mars 2025. Jákvæð umsögn send 28. febrúar 2025.
- 4.22 Ungmennafélagið Prestir sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablóti í félagsheimilinu Miðgarði Hvalfjarðarsveit 22. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 17. febrúar 2025.
- 4.23 Hestamannafélagið Borgfirðingur sækir um tækifærisleyfi fyrir þorrablóti í félagsheimili Borgfirðings, Vindási 15. febrúar 2025. Jákvæð umsögn send 10. febrúar 2025.

Umsagnir til sýslumanns – áramótabrennur 2024/2025.

- 4.24 Snæfellsbær, Breiðinni Rifi, 31. desember 2024. Ábyrgðarmaður Hjálmar Þ. Kristjánsson.
- 4.25 Snæfellsbær, Kirkjuhóll Staðarsveit 30. desember 2024. Ábyrgðarmaður Guðmundur G. Bjarnason.
- 4.26 Stykkishólmur, Vatnsás 6. janúar 2025. Ábyrgðarmaður Magnús Ingi Bæringsson.
- 4.27 Borgarbyggð, Varmaland 31. desember 2024. Ábyrgðarmaður Arnar Freyr Ingvarsson.
- 4.28 Akranes, íþróttasvæðið Jaðarsbökkum 6. janúar 2025. Ábyrgðarmaður Sigurjón Einarsson.
- 4.29 Dalabyggð, við Búðarbraut Búðardal 31. desember 2024. Ábyrgðarmaður Sindri Geir Sigurðsson.

Lagt fram

5. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Akraneskaupstaður

- 5.1 Höfðasel – Nýtt deiliskipulag. Vinnslutillaga. Mál nr. 122/2025. Umsögn veitt 18. febrúar 2025.

Snæfellsbær.

- 5.2 Snæfellsjökulsþjóðgarður- Malarrif, Svalþúfa og Vatnshellir, nýtt deiliskipulag. Mál nr. 1558-2024. Umsögn veitt 23. janúar 2025.
- 5.3 Snæfellsjökulsþjóðgarður- Skálasnagi, Öndverðarnes og Skarðsvík- nýtt deiliskipulag. – Skipulagslýsing. Mál nr. 1557-2024. Umsögn veitt 24. janúar 2025.

Eyja og Miklaholtshreppur

- 5.4 Ferðaþjónusta á Laxárþakka - Umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu. Mál nr. 124/2025. Umsögn veitt 3. mars 2025

Sveitarfélagið Stykkishólmur.

- 5.5 Hólar 5a Helgafellssveit - Skipulagslýsing; breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag. Mál nr. 651/2024 og 652/2024. Umsögn veitt 20. febrúar 2025.
- 5.6 Agustsonreitur - Tillaga að breyttu aðalskipulagi. Mál nr. 48/2025. Umsögn veitt 5. mars 2025.
- 5.7 Agustsonreitur – Vinnslutillaga nýs deiliskipulags. Mál nr. 49/2025. Umsögn veitt 5. mars 2025.

Grundarfjörður

- 5.8 Ölkeldudalur – Heildarendurskoðun deiliskipulags. Mál nr. 234/2024. Umsögn veitt 10. janúar 2025.
- 5.9 Deiliskipulagstillaga iðnaðarsvæðis vestan Kvernár. Mál nr. 937/2023. Umsögn veitt 28. janúar 2025.

Dalabyggð.

- 5.10 Ljárskógar- deiliskipulag fyrir frístundabyggð. Mál nr. 1549 – 2024. Umsögn veitt 4. febrúar 2025.
- 5.11 Deiliskipulag af svæði sunnan Miðbrautar í Búðardal, nr. 1548/2024. Umsögn veitt 13. febrúar 2025.
- 5.12 Deiliskipulag af svæði norðan Miðbrautar í Búðardal, nr. 1547/2024. Umsögn veitt 13. febrúar 2025.
- 5.13 Ólafsdalur -Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Mál nr 362/2024. Umsögn veitt 14. febrúar 2025.
- 5.14 Ólafsdalur – breyting á deiliskipulagi. Mál nr. 823/2024. Umsögn veitt 14. febrúar 2025.

Skorradalshreppur.

- 5.12 Kiðhúsabali Fitjum. Deiliskipulag frístundabyggðar. Mál nr. 67/2024. Umsögn veitt 7. mars 2025.

Hvalfjarðarsveit.

- 5.13 Hafnarberg L208217, Nýtt deiliskipulag. Mál nr. 1427/2024. Umsögn send 18. desember 2024.

Skipulagsstofnun.

5.14 Landeldi í Hvalfirði 28000 tonna eldi á ári – Kynning matsáætlunar. Umsögn send 19. febrúar 2025.

Lagt fram.

6 Ársreikningur 2024.

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2024 endurskoðaður af KPMG var lagður fram.

Ársreikningur 2024 er samþykktur og fór undirritun fram rafrænt meðan á fundi stóð.

7 Ársskýrsla 2024

Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársskýrslu.

8 Samþykktir sveitarfélaga

8.1 Ný samþykkt um gæludýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi

Lögð fram drög að nýrri samþykkt um gæludýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi. ásamt athugasemdum sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram miðað við þær athugasemdir sem hafa komið fram.

8.2 Ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Akraneskaupstað

Samþykktin var kynnt og lögð fram til samþykktar.

Samþykkt.

9. Frávik þar sem kúamykju var dælt í ferskvatn.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Framkvæmdastjóra falið að leggja fram lögreglukæru fyrir hönd heilbrigðisnefndar vegna málsins.

10. Önnur mál.

Eftirtalin mál voru kynnt:

10.1 Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verður haldinn að Hótel Hamri þann 26. mars kl. 11:15-12:30.

Heilbrigðisnefnd heimilar nefndarmönnum að sækja fundinn.

10.2 Framkvæmdastjóri var skipaður í starfshóp Matvælaráðherra í janúar, án tilnefningar. Starfshópurinn á að innleiða neysluvatnstilskipun Evrópusambandsins í íslenska löggjöf. Samin verður ný reglugerð um neysluvatn.

10.3. Upplýst að Arnór Vilhjálmsson mun sækja námskeið í sambandi við merkingar á matvælum vegum Evrópuráðsins daganna 24. – 28. mars í Aþenu á Grikklandi. Námskeiðið er greitt af Evrópuráðinu.

10.4. Upplýst að framkvæmdastjóri tekur þátt í undirbúning og skipulagningu á Norrænum Baltískum fundi sem verður haldin í Reykjavík í 7-9. maí í nafni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Fundi slitið kl 17.25.